

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1997

Nr. 6

26

11. febrúar 1997

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 11. febrúar 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 7

21. febrúar 1997

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 85. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 8507.1000 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8507.1001 og 8507.1009, og orðist svo:

	A	E
	%	%
- Blýsýrugeymar til að gangsetja stimpilvélar:		
8507.1001 -- Með sýru	10	0
8507.1009 -- Án sýru	10	0

b. Tollskrárnúmerið 8507.2000 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8507.2001 og 8507.2009, og orðist svo:

	A	E
	%	%
- Aðrir blýsýrugeymar:		
8507.2001 -- Með sýru	10	0
8507.2009 -- Án sýru	10	0

Gutenberg

c. Tollskrárnúmerið 8507.8000 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8507.8001 og 8507.8009, og orðist svo:

	A	E
	%	%
- Aðrir geymar:		
8507.8001 -- Með vökva	10	0
8507.8009 -- Án vökva	10	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. mars 1997 og tekur til allra vara sem eru ótoll-afgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytinu, 21. febrúar 1997.

F. h. r.

Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.

17. febrúar 1997

Nr. 8

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 17. febrúar 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.